



# Reglugerð um afreksnefnd

breytt 7.5.2020

## 1. grein

Afreksnefnd er skipuð sjö einstaklingum. Í nefndinni skulu sitja þrír stjórnarmenn KKÍ sem stjórn skipar á fyrsta fundi eftir körfuknattleiksping. Aðra nefndarmenn skipar stjórn einnig. Formaður nefndarinnar skal vera stjórnarmaður KKÍ og er skipaður af stjórn KKÍ.

## 2. grein

Afreksnefnd er ráðgefandi nefnd fyrir stjórn KKÍ og tekur á öllum þáttum í afrekssmálum KKÍ.

## 3. grein

Afreksnefnd skal skila inn afreksáætlun til stjórnar KKÍ.

## 4. grein

Afreksnefnd kemur með tillögu til stjórnar KKÍ um landsliðsþjálfara á öllum stigum afreksstarfs KKÍ.

## 5. grein

Afreksnefnd kemur með tillögur til stjórnar um landsleiki og þátttöku landsliða í mótum.

## 6. grein

Stjórn KKÍ skal tryggja afreksnefnd ákveðna upphæð á ári til afreksmála.

## 7. grein

Afreksnefnd getur skipað vinnunefndir um ákveðin verkefni eftir að hafa gert um það tillögu til stjórnar KKÍ og fengið samþykka.